

Svartbeltispróf á vegum Taekwondosambands Íslands Maí 2017



Haldið verður svartbeltispróf á vegum TKÍ föstudaginn **26. maí** næstkomandi í **Ármannsheimilinu klukkan 16:00 til 20:00**. Undirbúningsæfingar verða í Keflavík **fimmtudaginn 25. maí klukkan 17:30**.

Grand Master Jamshid 8. Dan frá Danmörku mun koma og gráða.

Um alþjóðlegt Kukkiwon beltapróf er að ræða. Ef spurningar vakna um prófkröfur þá skal yfirþjalfari próftaka senda erindi á dan@tki.is.

Verð:

- 1.dan 42.500.-
- 2.dan 45.000.-
- 3.dan 47.500.-
- 4.dan 50.000.-
- 5.dan 70.000.-

Innifalið í gjaldi er:

- Erlendur Prófdómari.
- Alþjóðlegt Kukkiwon Dan skirteini.
- Myndataka á meðan á prófinu stendur og profile mynd fyrir eða eftir próf.
- Spýtur
- Samfögnuður að prófi loknu, sem verður síðbúinn kvöldverður (**áætlað kl 21:00**)

Þetta þarf hver iðkandi að útvega sjálf(ur):

- Tvær passamyndir (fyrir skirteinið)
- Útfyllt umsóknareyðublað, sent með tölvupósti á dan@tki.is fyrir **15. maí**

Þetta þarf hvert aðildarfélag að gera/útvega sjálft:

- Halda forpróf fyrir sína próftaka, ef aðildarfélagið óskar þess
- Halda skriflegt próf og kalla eftir ritgerð frá próftaka, ef aðildarfélagið óskar þess
- Útvega svartbeltisgalla fyrir próftaka
- Útvega belti merkt nafni, klúbb, rönd (það sem á við) fyrir próftaka

Kvöldverður verður sameiginlegur og er innifalinn fyrir próftaka. Svartbeltisprófanefnd mun ákveða veitingastaðinn þegar komið er í ljós hve margir eru skráðir. Enginn afsláttur er veittur fyrir þá sem ekki mæta í sameiginlegan kvöldverð. Gestir eru velkomnir, en þurfa að greiða fyrir sig sjálf, og þurfa auk þess að skrá sig með því að senda tölvupóst á dan@tki.is

Dagsetningar:

- Umsóknarfrestur próftaka: **15. maí**
- Skráningarfrestur fyrir gesti í hátíðarkvöldverð: **15. maí**
- Gjaldldagi og eindagi prófgjalds: **21. maí**
- Undirbúningsæfingar: **25. maí**
- Próf: **26. maí**

Ef próftaki hættir við þá getur hann óskað eftir endurgreiðslu fyrir allri upphæðinni. Hvert aðildarfélag sér um að rukka inn fyrir sinn próftaka og senda eina greiðslu á TKÍ með sundurliðað skjál á dan@tki.is fyrir hverja er verið að greiða. Prófgjöld skulu greidd inn á reikning: 515-26-50010, kennitala: 500103-2050 með skýringartextanum **SVPROF**. Endurgreitt verður að fullu ef Svartbeltisprófanefnd TKÍ þarf að afboða próf vegna óviðráðanlegra ástæðna.

Ef að nemandi fellur á prófi þá getur hann óskað eftir endurgreiðslu fyrir allt að 40% prófgjaldsins. Aðildarfélög eru hvött til þess að senda ekki óundirbúna próftaka.

Prófdómarar geta þó í undantekningatilfellum gefið iðkendum kost á endurtökuprófi án endurgjalds ef þannig ber undir.

Svartbeltisprófanefnd TKÍ áskilur sér rétt til þess að taka einstök mál fyrir eftir því sem þurfa þykir.

Með kveðju fyrir hönd Taekwondosamband Íslands,

Svartbeltisprófanefnd